

# Samþykkt

## um hundahald í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

### Almennt.

#### 1. gr.

Hundahald er takmarkað í lögsagnarumdæmi Bessastaðahrepps, Garðabæjar, Hafnarfjarðar og Kópavogsbæjar með skilyrðum samkvæmt samþykkt þessari.

#### 2. gr.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis í umboði heilbrigðisnefndar sér um skráningu og annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi á eftirlitssvæðinu og getur það leitað aðstoðar lögregluþingvalda, þegar þörf krefur.

#### 3. gr.

Sveitarstjórnir láta merkja ákveðin svæði þar sem ekki má vera með hunda, einnig skal merkja svæði þar sem sleppa má hundum lausum innan afmarkaðs svæðis. Slíkar merkingar skulu gerðar í samráði við heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

### Skráning.

#### 4. gr.

Allir hundar sem haldnir eru á eftirlitssvæðinu eru skráningarskyldir. Skylt er að sækja um skráningu hunds til Heilbrigðiseftirlitis Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis eigi síðar en mánuði eftir að hann er tekinn á heimili og hvolpa eigi síðar en 4 mánaða gamla. Dveljist hundur tímabundið á eftirlitssvæðinu er heimilt að skrá hann til bráðabirgða, sem gildir þó aldrei lengur en 3 mánuði.

Hund skal skrá á nafn lögráða einstaklings og heimilisfang þar sem hundurinn er haldinn og er framsal óheimilt. Skrá skal heiti, fæðingardag, kyn, tegund og önnur einkenni hundsins.

Hundur sem sótt er um skráningu á skal örmerktur, með ISO-stöðluðu örmerki eða einstaklingsmerktur á annan hátt.

Við skráningu hunda getur heilbrigðiseftirlitið leitað umsagnar lögreglu og annarra eftirlitsumdæma telji það ástæðu til.

Óheimilt er að gefa út skráningarskírteini nema eftirtalin gögn liggja fyrir:

- Undirrituð umsókn.
- Greiðslukvittun skráningargjalds.
- Ormahreinsunarovottorð.
- Vottorð um einstaklingsmerkingu.
- Samþykki allra meðeigenda fjöleignahúss, ef við á.

Með skráningarskírteini er afhent plata fyrir hálsól þar sem fram kemur nafn og númer hunds, heimilisfang og símanúmer eiganda.

Skráðum eiganda hunds ber að tilkynna skriflega innan mánaðar aðseturskipti eða dauða hunds.

Séu fleiri en 5 skráningarskyldir hundar á sama heimili gilda ákvæði viðauka 8 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum, sem kveða á um starfsleyfis-skylda starfsemi.

Synji heilbrigðiseftirlitið um skráningu getur umsóknaraðili skotið máli sínu til heilbrigðisnefndar til úrskurðar.

### Sérstakar takmarkanir.

#### 5. gr.

Óleyfilegt er að halda hund þar sem enginn býr. Um hundahald í fjöleignarhúsi gilda ákvæði laga nr. 26/1994, með síðari breytingum. Um takmarkanir á aðgengi hunda gilda ákvæði heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, með síðari breytingum og reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, með síðari breytingum.

#### 6. gr.

Bannað er að halda hunda af eftirfarandi tegundum:

- Pit Bull Terrier.
- Fila Brasileiro.
- Toso Inu.
- Dogo Argentino.
- Blendinga af ofangreindum tegundum
- Blendinga af úlfum og hundum

Bannað er að árásarþjálfar hunda á eftirlitssvæðinu eða skrá hund sem hefur verið árásarþjálfaður, nema hundur sé innan vébanda lögreglu.

### Skyldur.

#### 7. gr.

Eftirlitsaðili ábyrgðatryggir alla hunda hjá viðurkenndu tryggingafélagi, þannig að trygging ná til almenns tjóns, sem dýrið kann að valda, mönnum, dýrum, gróðri og munum.

#### 8. gr.

Skylt er að ormahreinsa hunda ár hvert. Vottorði um hreinsun skal skilað til eftirlitsaðila fyrir 31. desember ár hvert.

#### 9. gr.

Hundur skal ávallt vera í taumi á svæðum þar sem umferð ökutækja eða gangandi fólks er almenn og skal ávallt fjarlægja saur eftir hund. Óheimilt er að hafa hund tjóðraðan án eftirlits ábyrgs aðila.

#### 10. gr.

Hundeiganda eða umráðamanni hunds er skylt að sjá til þess að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum, óþrifnaði eða að hann raski ekki ró manna með stöðugu eða ítrek-uðu gelti eða ýlfri. Hundeiganda ber að sjá til þess að hundur hans sæti ekki illri eða slæmri meðferð. Eftirlitsaðili getur krafist þess að eigandi hunds sæki hlýðninámskeið með hund sinn ef ástæða þykir til.

## 11. gr.

Hafi eigandi ástæðu til að ætla að hundur hans sé grimmur eða varasamur skal hann sjá til þess að hundur hans sé ávallt mýldur utan heimilis síns. Hafi hundur bitið mann og/eða er hættulegur getur eftirlitsaðili, tjónþoli eða forráðamaður hans krafist þess að hundurinn verði aflífaður. Óski hundeigandi þess skal leita álits sérfróðs aðila, dýralæknis eða hundapjálfara sem Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis viðurkennir áður en ákvörðun um aflifun er tekin.

## 12. gr.

Sleppi hundur frá eiganda eða umráðamanni skal viðkomandi gera tafarlaugar ráðstafanir til að handsama hann. Eftirlitslausu hunda skal færa í sérstaka hundageymslu og tilkynna eiganda (sé hundur merktur) handsömunina.

Sé hunds eigi vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda, hann seldur fyrir áföllnum kostnaði eða aflífaður. Hafi óskráður hundur verið handsamaður er óheimilt að afhenda hann fyrir en að lokinni skráningu. Kostnaður við handsömun, geymslu eða aflifun skal að fullu greiddur af eiganda.

**Gjaldtaka.**

## 13. gr.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps, bæjarstjórn Garðabæjar, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og bæjarstjórn Kópavogsbæjar er heimilt að innheimta skráningar- og eftirlitsgjöld í samræmi við gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

**Valdsvið og þvingunarúrræði.**

## 14. gr.

Sé um alvarlegt eða ítrekað brot á samþykkt þessari að ræða eða sinni hundeigandi eða umráðamaður hunds ekki fyrir mælum eftirlitsaðila um úrbætur eða breytingu á hegðan hunds getur heilbrigðisnefnd afturkallað skráninguna, bannað viðkomandi eiganda að vera með hund á eftirlitssvæðinu, gert hundeiganda eða umráðamanni að koma hundi fyrir á öðrum stað, viðurkenndum af eftirlitsaðila eða látið fjarlægja hundinn.

## 15. gr.

Sveitarstjórnir ákveða með gjaldskrá gjald fyrir skráningu, eftirlit og handsömun sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd samþykktar þessarar.

**Viðurlög.**

## 16. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með brot út af samþykktinni skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, með síðari breytingum.

**Gildistaka.**

## 17. gr.

Samþykkt þessi sem staðfest er af hreppsnefnd Bessastaðahrepps 14. desember 1999, bæjarstjórn Garðabæjar 17. febrúar 2000, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 14. desember 1999 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar 20. desember 1999, staðfestist hér með skv. 25. gr.

laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Um leið fellur úr gildi samþykkt nr. 455/1997 um hundahald í Kópavogi, samþykkt nr. 515/1991 um hundahald í Hafnarfirði, samþykkt nr. 257/1983 um hundahald í Garðabæ og samþykkt nr. 114/1995 um hundahald í Bessastaðahreppi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Leyfi til hundahalds á eftirlitssvæðinu, sem veitt hafa verið fyrir gildistöku samþykktar þessarar, verður breytt í skráningu. Að öðru leyti gildir samþykktin að fullu um þau leyfi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 3. mars 2000.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

Sigríður Stefánsdóttir.